



Til: skuli.thoroddsen@os.is

Efni: Umsögn um beiðni Fallorku ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um 3 MW Djúpadalsvirkjun Eyjafjarðarsveit

Upplýsingar: Sent: 23.06.2017 13:44:22 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017060004, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017060004

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 2. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Fallorku ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um Djúpadalsvirkjun III á vatnasviði Djúpadalsár í Hvassafellssdal / Djúpadal í Eyjafjarðarsveit.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í sem ekki hafa í för með sér rask á landi. Hugmyndir um stærð framangreindrar virkjunar gera það að verkum að hugsanleg virkjun fellur ekki undir A flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum né heldur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Engu að síður telur Náttúrufræðistofnun að líta eigi til sömu viðmiða hvað varðar leyfisveitingar um orkurannsóknir vegna minni virkjana og finna má í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011, þ.e. að rannsóknirnar séu ekki leyfisskyldar og framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig að rannsóknirnar fari ekki í bága við lög um náttúruvernd s.s. akstur utan vega o.fl.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

